

## 1. gr.

5

Bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, sem fram áttu að fara síðasta sunnudag í 17. jan. janúarmánuði 1942, skal frestað til næsta sunnudags fjórum vikum eftir að blöð geta á ný með venjulegum hætti komið út. Skal þá kosið um þá sömu framboðslista, sem þegar hafa komið fram og samkvæmt kjörskrár þeim, sem gilda áttu 25. jan. þ. á.

## 2. gr.

Öllum kosningum innan bæjarstjórnar Reykjavíkur í nefndir og önnur trúnaðarstörf, sem að venjulegum hætti hefðu farið fram á tímanum frá 25. janúar þar til kosningarnar eiga sér stað, skal frestað til fyrsta fundar bæjarstjórnarinnar eftir þær.

## 3. gr.

Öllum bæjarfulltrúum í Reykjavík, borgarstjóra, fulltrúum í nefndum og öðrum trúnaðarstörfum er skylt að gegna störfum sínum þar til kosningarnar hafa farið fram, enda framlengist umboð þeirra þangað til.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Jakob Möller.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

6

4. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Kennslumálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að framlengja til ársloka 1942 ákvæði 4. gr. laga nr. 74, 1940, er fjallar um heimild til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*